



# Stúdentaráðsfundur

## 22. fundur

19. apríl 2013 í Norðurborg

Fundaritari: Aníta Einarsdóttir

Fundur settur: 14:07

**Mættir:** Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Jenný Þorsteinsdóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Ari Brynjólfsson, Vilborg Lárusdóttir, Hildur Helgadóttir.

### Gestir fundarins:

#### 1. Mál til kynningar

##### a. Samþykktir og umræður 21. fundar

Þar sem allir fulltrúar voru ekki mættir var ákveðið að biðja með samantekt þar til allir formenn undirfélaga eru viðstaddir á fundi.

##### b. Bókun framkvæmdastjórnar við fundargerð vegna tölvukaupa

Leifur las upp bókun sem framkvæmdastjórn bókaði í fundargerð.

##### c. Birting ferla og niðurstaðna úr námskeiðsmati eftir gæðaráðsfund

Kynnt var hvernig framkvæmdastjórn og fulltrúar stúdentaráðs í gæðaráði hafa verið að vinna að því að fá niðurstöður námskeiðsmatsins á Uglunni og hefur tekist að fá ferlana birta en beðið er eftir því að fá birtar niðurstöðurna og halda fulltrúar og framkvæmdastjórn áfram að vinna að þessu.

##### d. LÍS fjarfundur, niðurstöður

Aníta kynnti hvað gerðist á síðasta fundi. Þar var rætt um hvernig fjármagna á samtökin og ákveðið að fara í frekari útreikning á greiðslum frá stúdentahreyfingum þar sem ekki þykir sanngjarnt að minnstu félögin væru að greiða 250 kr á hvern stúdent þeirra hreyfinga á meðan stærri félögin væru að borga 0.025 kr á hvern. Næsti fundur um LÍS verður kringum 15. maí nk.

##### e. Þakkarbréf til styrktaraðila

Hafdís kynnti þann nýjung félagsins að senda út þakkarbréf til styrktaraðila félagsins og um leið biðja um endurnýjun á samningi. Hafdís hefur tekið að sér að sjá um þetta fyrir hönd félagsins.

##### f. Lyklar að skrifstofu

Hvort formenn fastanefnda eiga að vera með lykil að vinnuáðstöðu á skrifstofu FSHA. Einhljóða samþykki.



## 2. Turn it in

Astrid og Daníel kynntu hvað ritstuldarvarnarforritið „Turn it in“ er, sem á að byrja að nota vorið 2013.

Búið er að setja inn tilkynningu á Uglunni þar sem allt er útskýrt.

Nemendur hafa þar prufunámskeið þar sem þau geta prufað að skila inn verkefnum áður en þau skila til kennara, þar geta nemendur rennt verkefninu í gegn og séð hvað er mikið „similarity“ við annað útgefið efni.

Skilyrði að taka þetta upp og nota þetta, en mismunandi er hvernig kennarar eiga að bera sig að ef upp kemur um ritstuldur eða annað.

Skila öllum lokaeintökum eins og hefur verið, svo bætist við að skila á „Turn it in“ líka.

- Á eftir að tilkynna nemendum að þessi auka skil bætist við á lokaverkefnum.
- Hafa samband við Astrid, Daníel eða Adam ef einhverjar spurningar eru.
- Nemandi fær ekki einkunn fyrir lokaverkefni fyrr en búið eða að skila inn í „Turn it in“ og keyra það í gegn þar.

## 3. Trúnaðarbrestur

Alvarlegt mál þegar leki er út frá því sem rætt er um innan stjórnar félagsins, sérstaklega þegar það fer út í styrktaraðilana. Þarf að stoppa sögur þegar þær berast og koma því á hreint hver raunveruleikinn er varðandi mál sem talað er um áður en það lekur út í styrktaraðila félagsins.

## 4. Samþykkja verklagsreglur nefnda

### a. VLR-006

Einhljóða samþykki.

### b. VLR-007

Einhljóða samþykki.

### c. VLR-008

Einhljóða samþykki.

### d. EYD-001

Einhjóða samþykki.

Allar verklagsreglur og önnur eyðublög sem stúdentaráð samþykkir er að finna á réttindaskrifstofu FSHA eins og er.

## 5. Heimasíða FSHA

Leifur kynnti þá hugmynd um að hafa Landpóstinn inni á heimasíðunni eins og hann er núna. Flókin og mikill vefur Landspóstsins gerir það að verkum að ekki er hægt að færa hann beint inn á heimasíðu FSHA. Ari gerindi frá því að Landpóstur væri ekki hlyntur að vera með landpóstur.is yfir höfuð, hugmyndir um það að nemendur sjá um þetta fyrir nemendur og kennarar verða með yfirumsjón en færa ekkert inn. Hugmynd þeirra um að fá samning við Stefnu. Nemendur eru með hugmynd um að vera með heimasíðu sjálf. Leifur kynnti hugmynd um að fréttir kæmu inn á heimasíðu FSHA og svo er haldið uppi heimasíðunni landpóstur.is sér og tengill væri þá á heimasíðu



FSHA sem færi inn á landpóstur.is. FSHA þyrfti samt að borga lausn til að vera með tengil inn á Landpóstinn sem gætu numið um 100.000 kr.

Beðið með þessar hugmyndir þangað til niðurstaða er komin um landpóstur.is og framhaldið á þeirri slóð.

## 6. Fyrirkommulag funda

### a. formenn nefnda og fulltrúar ráða og nefnda kynna sín mál

Leifur kynnti hvernig þetta myndir fara fram. Stór mál er varða stúdenta annað hvort fengið póst frá þeim og kynnt á stúdentaráðsfundum eða fulltrúi boðaður á fund til að kynna mál sitt sjálfur.

### b. að fá sín mál á dagskrá fundar

Formenn geta sent dagskrálið á framkvæmdastjórn skv. VLR til að fá ákveðin mál rædd á fundinum ef þeir vilja fá sérstakan umræðu-lið. Annars er alltaf í boði að bera upp mál undir „önnur mál“.

### c. tími í fundi

Spurning um það hvernig fulltrúar vilja hafa fundina, hversu marga. Annað hvort hafa færri fundi í lengri tíma eða fleiri og styttri fundi. Betur tekið í að hafa fundi oftari, á tveggja vikna fresti og hafa þá fasta. Finna góðann tíma til að vera með fasta fundi á tveggja vikna fresti. Farið verður í að finna hentugan tíma strax við upphaf næsta skólaárs.

## 7. Önnur mál

### a. greiðsla þóknunar frá síðasta starfsári

Samþykkt var að greiða megi þóknun síðasta starfsárs til fulltrúa sem senda reikning á þessu starfsári.

## 8. Myndataka

Myndir teknar af fulltrúum sem mættu á fund til að setja á nýju heimasíðuna.

Ari spurði hvernig samningur við vínfyrirtæki verður fyrir nýnemadagana. Það kemur í ljós þegar farið er í að gera nýja samninga í maí hvernig það verður, hversu mikill bjór/gos verður fyrir undirfélög og hvernig því verður úthlutað eða hvort annað fyrirkomulag verður á því.

Þetta var síðasti fundur stúdentaráðs á þessu skólaári en fulltrúar þurfa samt að fylgjast með fsha-póstinum, þar koma m.a. upplýsingar um nýnemadagana og annað sem jafnvel þarf nauðsynlega að afgreiða á milli funda.

**Samantekt:** Stúdentaráð fékk kynningu á „Turn it in“, samþykkti verklagsreglur nefnda og ákveðið var að bíða með frekari umræðu um tengingu á milli fsha.is og landpostur.is þar til skýrt er um framhaldið á landpostur.is.



Fundi slitið klukkan 15:18



## Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson

*Formaður FSHA*

Aníta Einarsdóttir

*Varaformaður FSHA*

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

*Fjármálastjóri FSHA*

Vilborg Lárusdóttir

*Varaformaður Eirar*

Ari Brynjólfsson

*Formaður Kumpána*

Þórhildur Edda Eiríksdóttir

*Forseti Stafnbúa*

Hildur Helgadóttir

*Formaður Reka*

Grímur Rúnar Lárusson

*Varaformaður Þemis*

Jenný Þorsteinsdóttir

*Formaður Magister*